

Fundargerð Ungmennaráðs 28. Október kl. 15:15

Fundarherbergi Leikskálum

Ritari: Sunna Wíium

1. Landsmót Samfés var skemmtilegt, en það var haldið helgina 5-6. október á Akranesi. Þaðer viðburður sem er haldinn af Ungmennaráði Samfés, meðal annars til að kjósa í Ungmennaráð hvers tímabils. Þar var hægt að fara á allskonar smiðjur en krökkunum fannst það ekki mjög vel útfært en það var hægt að koma og fara. Þau fóru með Viktoríu og Dalrós ákvað að bjóða sig ekki fram í ungmennaráð Samfés eins og stóð til, vegna tímaleysis.
2. Umræðan hélt áfram um tómstundir í samfélaginu og hvað þau vilja gera, til dæmis með félagsmiðstöðinni. Aníta sagði að í fermingarfræðslunni hafi þau bakað fyrir Hjallatún og þeim fannst það mjög gefandi og skemmtilegt. Upp kom þá hugmynd að félagsmiðstöðin myndi gera eitthvað með eða fyrir Hjallatún, eins og til dæmis að baka og fara með. Það er þá verkefni sem er í gangi yfir lengri tíma og myndi það efla tengslin á milli ungra og aldraðra. Þau vilja líka fá félagsmiðstöð aftur annan hvern föstudag fyrir eldri en ekki hefur tekist að ráða inn annan starfsmann fyrir félagsmiðstöðina. Umræður um hvernig hægt væri að koma til móts við eldri hópinn og bæta þjónustu við yngri, en þau eru alltof mörg fyrir einn aðila sem umsjónarmann. Upp kom hugmynd að yngri hópurinn yrði aftur bara einu sinni í viku og að eldri hópurinn fengi þá auka tvo tíma annan hvorn föstudag. Þau rökstuddu þessa tilfærslu með því að benda á að oftast er félagsmiðstöð bara fyrir 8-10. bekk.
3. Gólfíð í íþróttahúsinu er ónýtt og þau kalla eftir lagfæringu. Annars finnst þeim vera ágætis úrvald æfinga núna og stelpurnar nefna þar að þær séu ánægðar með styrktar æfingarnar sem bættust við í haust. Framtíðar húsnæði fyrir félagsmiðstöð rætt. Þau hafa farið í heimsóknir í félagsmiðstöðvar í sem hafa aðsetur í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Þar á meðal er Kúlan í Kópavogi, sem er hefur mjög stórt svæði innan skólans og með sérinngang. Aftur á móti er Fönix í Salaskóla í Kópavogi pínulítill félagsmiðstöð en krakkarnir sem sækja hana líklega fyrir hundrað talsins. Þar fá þau að nota skólabygginguna alla (að mestu). Þeim finnst húsnæðið fyrir Oz allt í

lagi, en það hentar unglíngum ágætlega. Þau eru þó öll sammála um að hún sé of lítil fyrir stækkandi árganga, sbr. 5-7. bekk sem eru að mæta mest um 20 krakkar og nota alltaf stóran salinn í Leikskálum. Þau vilja útbúa tillögu til sveitarstjórnar um að þegar ráðist verður í stækkun á Víkurskóla að það verði gert ráð fyrir svæði sem gæti verið notað fyrir félagsmiðstöð.

15:50 fundi slitið.